



Alþingi
Erindi nr. P 138/957
komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. janúar 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, mál nr. 244.


VM tekur efnislega undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu og telur þær stuðla að auknu öryggi við lögskráningu sjómanna.

VM telur að heimild ráðherra til að veita undanþágur í 7. gr. til undanþágu á lögskráningu tiltekinna skipa eigi ekki að veita þeim forréttindi umfram önnur skip. Hugtökin sem notuð eru í upptalningunni eru of yfirgripsmikil og geta valdið deilum um lögskráningu á skipin. Lágmarks öryggismönnun þurfi að vera á skipunum miðað við stærð þeirra og verkefni. VM telur því að fara þurfi betur yfir 7. gr. laganna og skilgreina þau skip sem ráðherra getur haft heimild til að veita undanþágu frá lögskráningarskyldu áhafna. Sérstaklega er átt við hugtökin frístundafiskiskip og farþegaskip til skoðunarferða.

Að fenginni reynslu þarf að tryggja það í lögunum að eftirlit með lögskráningu verði tryggt og lagðar skýrar skyldur á eftirlitsaðila að þeir fylgi eftirlitinu eftir. Við það þarf löggjafinn að tryggja fjárveitingu fyrir því að eftirlitsaðilar geti uppfyllt þær kvaðir sem á þá eru lagðar varðandi eftirlitið.

VM leggur áherslu á að fyllstu öryggissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við breytingarnar sem VM leggur til að gerðar verði á lögunum.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna


Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.